

Viðhorfskönnun

LEIÐBEINENDUR FRÆÐSLUNETSINS

Fræðslunetið Símenntun á Suðurlandi gerið viðhorfskönnun hjá leiðbeinendum sínum í maí 2020 og er hún hluti af innra mati Fræðslunetsins og í samræmi við EQM+ gæðakerfið, sem Fræðslunetið starfar eftir. Könnunin var rafræn og sett upp í forritinu SurveyMonkey, sem heldur utan um spurningarnar og svör og var hún því ekki persónurekjanleg. Markhópurinn var leiðbeinendur sem starfa hjá Fræðslunetinu á öllu starfssvæði þess og var 47 einstaklingum sendur tölvupóstur með tengli á könnunina. Tvisvar var send áminning á allan markhópinn. Alls svöruðu 32 einstaklingar sem gerir 68% svarhlutfall.


Svör við spurningunum voru flestar með skala þar sem lægsta einkunn var einn og hæsta fimm eða tíu. Á myndunum eru sýndar tölulegar niðurstöður. Í textaskýringum eru teknar saman niðurstöður einkunna 1-3 og 4-5 til að gefa betri heildarmynd af því sem gott er og því sem er ábótavant.

Umsjón með vinnunni hafði gæðaráð Fræðslunetsins.


Niðurstöður Könnunarinnar

1. Hvað finnst þér um effirfarandi atriði varðandi aðstæður sem snerta kennslu þína?


Eins og sjá má er nokkur fjöldi sem finnst hvorki netsamband (25%) eða hugbúnaður til fjarkennslu (58%) eiga við sitt form kennslu. Flestum þykir netsamband gott eða 63% (einkunn 4 og 5).




Flestir eru ánægðir með hljóðvist í kennslustofunum eða 82% og gæði myndar í skjávarpa eða 47%. Þremur einstaklingum finnst hljóðgæði og mynd í skjávarpa ekki góð (19%).



Flestir eru ánægðir með lýsingu 78% (einkunn 4 og 5) en 25% eru ekki eins ánægð með húsgögn (einkunn 1-3).




Meirihluti er ánægður með hreinlæti eða 69% en ánægja er nokkuð svipuð varðandi fartölvur og tengla fyrir rafmagn.




2. Hvað finnst þér um effirfarandi atriði varðandi utanumhald Fræðslunetsins vegna kennslu þinnar?


Það eru 94% leiðbeinenda sem segja tímasetningar kennslu henti vel. Ánægja vegna skipulags náms og upplýsingaflæði lífílega minna.



Samskipti við verkefnastjóra og annað starfsfólk er greinilega gott. Það eru 97% ánægðir með samskipti við verkefnastjóra og 78% við annað starfsfólk.




Stuðningur verkefnastjóra er góður eða 91% og þjónusta annars starfsfólks einnig eða 74%.



3. Hversu miklar kröfur eru gerðar til þín sem fagmanns í kennslu?

Leiðbeinendur kannast við að kröfur um fagmennsku í kennslu séu nokkrar og voru 13 einstaklingar (43%) sem gáfu því hæstu einkunn. Tveir slepptu því að svara.




4. Hversu ánægð/ur ert þú með verktakalaun þín hjá Fræðslunetinu?

Nokkur dreifing er í ánægju með laun fyrir kennslu þótt meirihluti sé ánægður. Flestir eða 31% gefa einkunnina 7 en tveir eru mjög óánægðir og gefa einn í einkunn. Meirihluti er með einkunn 7 eða yfir eða 72%.




5. Hversu ánægð/ur ert þú með að vinna hjá Fræðslunetinu?

Ánægja leiðbeinenda í starfi hjá Fræðslunetinu er mikil. Fjórtán einstaklingar gefa hæstu einkunn (45%) og gefa 97% leiðbeinenda einkunn 7 eða hærrí. Einn svaraði ekki.



6. Hversu lengi hefur þú kennt hjá Fræðslunetinu?

Flestir hafa kennt í 2-3 ár hjá Fræðslunetinu (50%) og 13% lengur en 7 ár. Nýir leiðbeinendur eru 12% og hafa aðeins unnið 0-1 ár.




7. Hefur þú einhverja skoðun á því hvernig Fræðslunetið eigi að haga útskrift nemenda þinna?

Svarmöguleikar voru fjórir eða Námsbrautir FA, Íslenskunámskeið, Námskeið fyrir fatlað fólk og Virkninámskeið. Sjö þátttakendur svöruðu spurningunni. Dæmi um svör voru eftirfarandi; þrír sögðu nei, tveir vildu bjóða kaffi og köku/meðlæti og einn vildi enda á sýningu. 25 þátttakendur svöruðu ekki þessari spurningu.

8. Á hvaða aldri ert þú?


Stærsti hópur leiðbeinenda er á aldrinum 40-49 ára eða 45%. Sex einstaklingar eru 60 ára eða eldri eða 19%.

Einn svaraði ekki.



9. Hefur þú leyfisbréf til kennslu á skólastigi? (merkið við allt sem við á)

Greinilegt er að nokkrir hafa fleiri en eitt leyfisbréf þar sem 44 svör fengust við spurningunni. Flestir leiðbeinendur hafa leyfisbréf til kennslu í grunnskóla eða 17 einstaklingar.




10. Hvert er hæsta menntunarstig þitt?

Mikill meirihluti er háskólamenntaður eða 87%.

Önnur menntun sem nefnd var; verkmenntun í faginu, félagsliði og Diplómanám.

Einn svaraði ekki.



11. Hvað veitir þér mesta ánægju í starfi hjá Fræðslunetinu?

Alls svöruðu 28 einstaklingar (4 svöruðu ekki) en svörun var í opnu textaformi. Svörum má gróflega skipta upp í fjóra flokka; ánægja tengd nemendum, starfsfólki, leiðbeinandanum sjálfum og annað. Ánægja í starfi tengd nemendum er stærsti hópurinn og 21 leiðbeinandi (75%) nefnir samskipti við nemendur; ánægja þeirra, fjölbreytni, gleði og nám þeirra eru þættir sem veitir leiðbeinendum ánægju í starfi. Innan þess hóps nefna svo fjórir sérstaklega samvinnu við erlent fólk, sem er að læra íslensku þar sem þeim finnst mikilvægt að kenna menningu, mál og að kynnst erlendum samborgurum. Átta (29%) svara að samstarf við starfsfólk veiti þeim ánægju og flestir nefna samskipti og áhugi starfsfólks. Sjö (25%) nefna persónulega hluti frá þeim sjálfum svo sem að hafa gaman af kennslu, koma frá sér mikilvægu efni og miðla þekkingu og reynslu. Annað sem kom fram var að fólki fannst góður andi í húsinu (Fjölheimum) og skipulag kennslunnar gott.

12. Hvað veldur þér mest álagi í starfi hjá Fræðslunetinu?

Alls svöruðu 22 einstaklingar (10 svöruðu ekki) en svörun var í opnu textaformi. Lífið er hægt að flokka svörin saman nema varðandi kennslustundir þar sem fimm (23%) nefna langar lotur, hraði á námskeiðum, áreiti í frítíma og endurtekning kennslustunda sama dag. Önnur svör voru tengd of stórum hópum, krefjandi þátttakendum, innkaupum, undirbúningi fyrir kennslu, nýjum nemendum sem kennari þekkir ekkert og þrír (14%) nefndu tæknibúnað þar sem kom fram ónothæfur fjarfundabúnaður og tækniæfiðleikar. Fjórir einstaklingar (18%) nefndu að ekkert væri að valda álagi í starfi hjá Fræðslunetinu.

13. Er eitthvað annað sem þú villt segja okkur í Fræðslunetinu?

Alls svöruðu 18 einstaklingar (14 svöruðu ekki) en svörun var í opnu textaformi. Einn bendir á að gott væri að hafa aðgang að leiðbeiningum varðandi kennslu fyrir þá sem ekki hafa grunn í kennslufræði. Fjórir (22%) svara nei. Einn bendir á að „laun mættu vera hærra miðað við álag, framlag og þekkingu“. Flestir eða níu (50%) voru ánægðir með samstarfið, nemendur og samstarfsfólk. Þeir sem eru ánægðir með starfið nefna meðal annars: „Flott stofnun, metnaðarfull“ og „Takk fyrir frábært starf í samfélaginu!“

Umræður

Þegar niðurstöður könnunarinnar eru skoðaðar er kemur í ljós að leiðbeinendur eru í það heila sáttir í starfi hjá Fræðslunetinu og með vinnuaðstæður. Varðandi aðstæður sem boðið er uppá í kennslu eru flestir ánægðir með hana en miðað við svör má gæta að húsgögnum og myndgæðum í myndvarpa. Er þetta eitthvað sem skoða má í framhaldinu.

Almenn ánægja er með samstarf og samskipti við starfsfólk Fræðslunetsins og fá leiðbeinendur góðan stuðning og þjónustu frá starfsfólki. Athyglisvert er að sjá að 87% leiðbeinenda er með háskólapróf en 17 einstaklingar hafa ekki leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- eða framhaldsskólum. Má af því leiða að Fræðslunetið leiti til fagmenntaðs fólks þegar það á við, frekar en kennaramenntaðs, t.d. þegar kennt er námskeiðið „Kulnun í starfi“ af sálfræðingi. Segja má að dreifðasta svörun hafi verið varðandi verktakalaun en þar má finna mikla óánægju hjá litlum hópi. Flestir eru þó ánægðir og gefur meirihluti eða 72% einkunnina 7 eða yfir þar sem 10 er best. Leiðbeinendum finnst gerð krafa til þeirra um fagmennsku og kemur fram að starfsaldur leiðbeinenda er nokkuð hár þar sem 38% hafa starfað í 4 ár eða lengur.

Þegar á heildina er lítið má segja að niðurstöður könnunarinnar séu jákvæðar og hvatning frá leiðbeinendum að halda góðu starfi áfram. Niðurstöður gefa hvergi tilefni til þess að útbúa sérstaka úrbótaáætlun.

Niðurstöður verða sendar á alla leiðbeinendur jafnframt birtist skýrslan á vef Fræðslunetsins.

Fyrir hönd gæðaráðs í nóvember 2020,

Eyjólfur Sturlaugsson

Lilja Össurardóttir

Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir